

Fundargerð

Aðalfundur Þekkingarseturs Vestmananeyja ses. var haldinn þriðjudaginn 23. apríl 2019 kl. 10:30 í fundarstofu á 2. hæð í húsnæði ÞSV að Ægisgötu 2, Vm. Til fundarins var boðað með tölvupósti með tveggja vikna fyrirvara, auglýsingu í Eyjafréttum og síðan ítrekað með tölvupósti til stofnaðila. Mættir voru fulltrúar frá 13 stofnaðilum ÞSV sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár.

Arnar Sigurmundsson, varaformaður stjórnar setti fundinn í fjarveru Elliða Vignissonar formanns og bauð fundarfólk velkomið. Lagði hann til að Ólafur Elísson yrði kjörinn fundarstjóri og að Páll Marvín Jónsson frkvstj. tæki að sér fundarritun, var það samþykkt. Að því loknu tók fundarstjóri við fundinum og fór yfir boðun hans og dagskrá aðalfundar.

Því næst var gengið til dagskrár.

1.mál. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra ÞSV

Arnar Sigurmundsson, varaform. stjórnar ÞSV stiklaði á stóru í starfsemi stjórnar og félagsins árið 2018. Fram kom í máli Arnars að árið hafi verið viðburðaríkt í starfsemi ÞSV. Flutt var í nýtt húsnæði og það formlega tekið í notkun 26. janúar 2018. Umtalsverður stofnkostnaður, sumt einskiptis, fylgir flutningi í nýtt húsnæði og kemur það greinilega fram í ársreikningi 2018.

Starfsemin hefur gengið vel í nýju húsnæði og miklir möguleika til framtíðar. Árið 2019 verður einnig ár mikilla breytinga í starfsemi ÞSV. Verkefni koma og breytast en Sæheimar loka á árinu og verkefni ÞSV fyrir ferðapjónustuna munu minnka mikið. Ætla má að samstarfið við Merlin bæti það eitthvað upp. Áformað er að taka í notkun nýtt geymsluhúsnæði og blautrymi til rannsókna fyrir ÞSV og nokkra samsarfaðila næsta haust en framkvæmdir eru í gangi.

Aðalfundur S-30 fasteignafélags ehf. – sem er alfarið í eigu ÞSV var haldinn 2. apríl 2019 – Félagið sem hélt utan um útboðsverk og framkvæmdir á 2. hæð Fiskiðjunnar hefur gert upp við alla verktaka þ.m.t. geymslugjöld vegna útboða. Hlutfé var lækkað á aðalfundi úr 4,5 millj. kr. í 0,5 millj. kr. – og eigið fé rennur til ÞSV, en það er nú um 8,5 millj. kr.

Sveinn Margeirsson, verkfræðingur fráfarandi stjórnarmaður ÞSV tók að sér að vinna SVÓT greiningu og úttekt á starfsemi ÞSV og hefur verið gengið frá samningi um umfang og kostnað. Fram kom að áformað er að Sveinn fundi með nýrri stjórn ÞSV í byrjun júní.

Fyrir liggur að þrír stjórnarmenn munu hætta á þessum aðalfundi vegna breytinga í starfsumhverfi viðkomandi. Elliði Vignisson, fyrrv. bæjarstjóri í Vestm., form. stjórnar frá stofnun ÞSV 23. jan. 2008, Sveinn Margeirsson kom í stjórn 2011 og Thelma Hrund Kristjánsdóttir 2016, Er þeim öllum þakkað fyrir gott starf í þágu ÞSV á liðnum árum.

Að lokum þakkaði Arnar stjórn og starfsfólki ÞSV fyrir samstarfið á starfsárinu en það féll í Arnars hlut að leiða starfið sem varaformaður eftir að formaður stjórnar skipti um starfsvettvang í júní 2018.

Páll Marvín Jónsson, frkvstj. fór yfir starfsemi ÞSV árið 2018. Fram kom í máli framkvæmdastjóra að hið nýja húsnæði hafi reynst vel og almenn ánægja sé með aðstöðuna. Einnig kom fram að mikill áhugi hafi verið hjá fyrirtækjum og stofnunum að koma inn í aðstöðuna og að framhalds- og fjarnemar hefðu nýtt sér aðstöðuna vel.

Í dag eru alls sextán fyrirtæki og stofnanir með aðsetur í Þekkingarsetrinu og eru starfsmenn komnir yfir 30. Það er því mjög fjölbreytt starfsemi sem fer fram innan veggja gömlu Fiskiðjunnar í dag og töluvert frábrugðin þeirri starfsemi sem var hér áður. Fram koma að mikil verðmæti væru fólgin í þekkingarsamfélagi sem þessu fyrir landsbyggðina og sér í lagi fyrir byggðarlög líkt og Vestmannaeyjar þar sem atvinnulífið er einhæft. Aðstaðan er þó að einhverju leyti strax orðin takmarkandi og því mikilvægt að horfa fram á veginn, ákveða næstu skref og móta stefnu til framtíðar.

Segja má að árið 2018 hafi að miklu leyti snúið að því að koma starfseminni fyrir og síðan aðlagast hinu nýja húsnæði. Samhliða því hafa framkvæmdir á jarðhæð hússins verið fyrirferðamiklar en þar opnaði nú nýverið gestastofa undir merkjum Sealife Trust. Þekkingarsetrið hefur komið á margvíslegan hátt að þessu gríðarlega stóra verkefni allt frá byrjun þess eða frá árinu 2016.

Að lokum þakkaði Páll stjórnarmönnum og konum fyrir gott samstarf á árinu.

Vísað er til Ársskýrslu ÞSV 2018 sem er að finna á heimasíðu ÞSV – setur.is – en þar má sjá skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra í heildsinni.

2. mál Ársreikningur ÞSV 2018

Hafsteinn Gunnarsson, endurskoðandi hjá Deloitte fór yfir ársreikning ÞSV 2018. Heildartekjur námu 126.4 millj. kr., á móti 119,6 millj. kr. 2017. Helstu ástæður eru hærri leigutekjur af húsnæði að Ægisgötu 2, hækun á öðrum rekstrarkostnaði milli ára er að sama skapi að mestu tilkomin vegna hærri húsaleigu. Niðurstaða ársins er rekstrartap upp á 4,7 millj. kr.

Niðurstaða efnahagsreiknings 31. des. 2018 er kr. 79.531.940, þar af eigið fé 54.580.617.

Nokkrar fyrirspurnir komu fram vegna skýrslu stjórnar og ársreiknings og var þeim svarað af varaformanni og framkvæmdastj. Að því búnu var ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. mál. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Töluverðar breytingar urðu á stjórn ÞSV vegna breytinga á starfshögum viðkomandi stjórnarmanna. Borin var upp tillaga að stjórn og varastjórn og þar sem engin mótframboð bárust var ný stjórn sjálfkjörin og samþykkt með lófaklappi. Stjórn ÞSV fyrir komandi starfsár er eftirfarandi:

Arnar Sigurmundsson, frkvstj. form. stjórnar Visku
Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor á umhverfis- og auðlindasviði HÍ
Ívar Atlason, svæðisstjóri HS-veitna
Njáll Ragnarsson, útibússtjóri Fiskistofu
Páll Guðmundsson, frkvstj. Hugins ehf
Sigurður Guðjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar
Sæunn Stefánsdóttir, forstöðum. Fræðasetra Háskóla Ísl.

Í varastjórn eru Örvar Arnarson, fjármálastjóri Ísfélags Vm. hf. Guðný Óskarsdóttir, Drifandi Stéttafélagi

Deloitte var endurkjörið sem endurskoðandi ÞSV.

4. mál. Þóknun til stjórnar og endurskoðanda

Aðalfundurinn samþykkti tillögu um þóknunir til stjórnarmanna, kr. 100 þús. á ári á mann fyrir liðið starfsár og 20 þús. kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund. Formaður fær tvöfalda þóknun og varaform. 50% álag á þóknun stjórnarmanns, en þeir sitja báðir í framkvæmdaráði ÞSV og er ekki frekar en áður greidd þóknun fyrir setu í framkvæmdaráði ÞSV. Varastjórn fær kr. 20 þús. fyrir hvern setinn stjórnarfund.

Haldnir voru fjórir formlegir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi ÞSV, en framkvæmdaráð hélt fjölmarga fundi. Eru þetta sömu þóknunir voru greiddar hafa verið undanfarin ár. Tillagan var samþykkt mót atkvæðalaust.

5. mál. Breytingar á samþykktum ÞSV

Fyrir lá tillaga um að færa lögheimili Þekkingarseturs Vestmannaeyja á Ægisgötu 2, 900 Vestmannaeyjum. Var tillagan samþykkt einróma.

6. mál. Rekstraráætlun ÞSV 2019

Páll Marvin Jónsson, frkvstj. gerði grein fyrir rekstraráætlun 2019. Nokkrar breytingar verða á rekstrinum árið 2019 þar sem að samningur við Vestmannaeyjabæ vegna ferðamála var ekki endurnýjaður og þar sem að rekstri Sæheima verður hætt nú 30. apríl er gert ráð fyrir töluvert minni veltu en á árinu 2018. Niðurstöður áætlunar fyrir 2019 gera ráð fyrir hagnaði að fjárhæð um 3,3 millj. kr. Nokkur óvissa er enn um kostnað og útselda vinnu vegna jarðhæðar að Ægisgötu 2 en annar rekstur ætti að vera í nokkuð föstum skorðum. Rekstur þjónustuskrifstofu breytist að því leyti til að mat- og kaffistofa sem áður var rekin af starfsmannafélagi ÞSV er nú fallin undir rekstur ÞSV.

Fleira ekki bókað - Fundi slitið kl. 11:40

Ólafur Elísson, fundarstjóri

Páll Marvin Jónsson ritaði fundargerð.